

að heimfæra undir 6. og 7. grein laga nr. 51 frá 1928 sbr. 231. grein hinna almennu hegningarlaga og þykir refsing sú, sem hann hefir til unnið hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 6 mánuði. Hann greiði og Kristínu Þorvaldsdóttur 300 krónur í skaðabætur innan 15 daga frá uppsögn dóms þessa.

Afbrot ákærða, Viktor Ström, ber að áliti dómarans að heimfæra undir 270. grein hinna almennu hegningarlaga og 6. grein laga nr. 51, 1928 og þykir refsing sú, sem hann hefir tilunnið, hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 6 mánuði. En þar sem um fyrsta afbrot er að ræða, og ákærður játaði brot sitt hreinskilnislega þykir mega ákveða að refsing hans skuli vera skilorðsbundin, ef skilorð laga nr. 39, 1907 er haldið.

Afbrot ákærðs, Óskars, ber að heimfæra undir 8. grein laga nr. 51, 1928 og þykir refsing sú, sem hann hefir tilunnið, hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 30 daga. En með því að afbrot hans er ekki stórvægilegt og meira en 5 ár eru liðin síðan hann var dæmdur og hann virðist hafa hegðað sér vel þann tíma, þykir mega ákveða að refsing hans skuli vera skilorðsbundin, ef skilorð laga nr. 39, 1907 er haldið.

Ákærðir greiði in solidum allan kostnað sakarinnar, en hver um sig allan kostnað við gæzluvarðhald sitt.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Mánudaginn 13. febr. 1933.

Nr. 120/1932. **Kristinn Guðnason**

(Lárus Jóhannesson)

gegn

Porkeli Jónssyni

(Stefán Jóh. Stefánsson).

Krafa stefnda um bætur vegna of skamms uppsagnarfrests í vinnusambandi eigi tekin til greina.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 23. júlí 1932: Stefndir, Kristinn Guðnason og Gunnar Guðnason, greiði báðir

fyrir annan og annar fyrir báða stefnandanum, Þorkeli Jónssyni, kr. 658,00 með 6% ársvöxtum frá 26. febr. s. l. til greiðsludags og kr. 133,50 í málskostnað innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Máli þessu er einungis áfrýjað af hálfu stefnda í héraði Kristins Guðnasonar. Og hefir hann krafizt þess, að hann verði aðeins dæmdur til að greiða stefnda kr. 158,00 ásamt 6% ársvöxtum frá 26. febr. 1932 til greiðsludags. Svo hefir hann krafizt málskostnaðar af stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti.

Stefndi hefir hinsvegar krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, og að áfrýjandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar fyrir hæstarétti.

Eftir því, sem fyrir liggur í málinu, verður að gera ráð fyrir því, að stefndi hafi verið ráðinn við bifreiðastöð áfrýjanda um óákveðinn tíma með ákveðnu mánaðarkaupi. Verður því að líta svo á, að stefnda hafi borið einhver uppsagnarfrestur, en engar fullnægjandi upplýsingar eru komnar fram um venju í því efni, er myndast hafi um vinnusamband það, sem hér ræðir um. Verður því ekki álitid, að hjá stefnda hafi getað skapazt réttmæt von um neinn ákveðinn uppsagnarfrest. Þetta styrkist og við það, að stefndi fór, eftir því, sem viðurkennt er í flutningi málsins fyrir hæstarétti, frá vinnu sinni um kl. 9 síðdegis á gamlárskvöld 1931 og með bifreiðina heim til sín, án þess að gera áfrýjanda viðvart, sem ólíklegt er, að hann hefði gert, ef hann hefði talið sig þá eiga kröfu til kaups, vegna of skamms uppsagnarfrests, fyrir janúar og febrúar

1932. Með því að ekki er upplýst um neina fasta venju um uppsagnarfrest í þessu vinnusambandi, svo sem áður segir, þá verður að telja eins mánaðarfrest nægilegan. Það er óumþrætt, að stefndi fékk svo langan frest, og verður því að sýkna áfrýjanda af kaupkröfu stefnda fyrir janúar- og febrúarmánuði 1932, en dæma hann til þess að greiða kaufeftirstöðvarnar fyrir dezbr. 1931, kr. 158,00 frádráttarlaust með 6% ársvöxtum frá 26. febr. 1932 og til greiðsludags.

Eftir öllum málavöxtum þykir rétt, að málskostnaður, bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera :

Áfrýjandi, Kristinn Guðnason, greiði stefnda, Þorkeli Jónssyni, kr. 158,00, með 6% ársvöxtum frá 26. febr. 1932 til greiðsludags, að viðlagðri aðför að lögum. Málskostnaður bæði í héraði og hæstarétti falli niður.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er, eftir árangurslausa sáttatilraun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 3. marz s. l., af Þorkeli Jónssyni, bifreiðarstjóra, hér í bæ, gegn Kristni Guðnasyni og Gunnari Guðnasyni, bifreiðaeigendum hér í bænum, til greiðslu skuldar in solidum, að upphæð kr. 658,00 með 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi 26. febr. s. l. til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Nemur hann eftir framlögðum reikningi, sem er í samræmi við aukatekjulögin og lágmarksgjaldskrá málaflutningsmannafélagsins, kr. 133,50.

Málavexti kveður stefnandi þá, að sumarið 1928 hafi hann ráðizt sem bifreiðarstjóri hjá stefndum til óákveðins tíma með föstu mánaðarkaupi, kr. 250,00 á mánuði.

Hafi hann síðan unnið óslitið hjá stefndum á bifreiðastöð þeirra hér í bænum, þangað til um mánaðarmótin nóv.-dez. f. ár, en þá hafi honum verið sagt upp starfanum frá næstu áramótum eða með eins mánaðar uppsagnarfresti, og hafi hann svo farið úr þjónustu stefndra 1. jan. s. l. Telur stefnandi uppsögn þessa ólögmeta gagnvart sér og heldur því fram, að honum hafi borið 3ja mánaða uppsagnarfrestur og hefir samkvæmt því höfðað mál þetta til greiðslu umsamins kaups fyrir jan. og febrúar s. l. að upphæð kr. 500,00 að viðbættum kaupeftirstöðvum kr. 158,00, er hann kveðst eiga inni fyrir dezember s. l. og kemur þá hin umstefnda upphæð út.

Stefndur, Kristinn, hefir viðurkennt það, að hann hafi eigi ennþá greitt stefnanda kr. 158,00 í kaup fyrir dez. s. l. En frá þessari upphæð telur hann, að draga beri andvirði „strekkiara“, kr. 50,00, sem stefnandi hafi fengið hjá honum og ekki skilað, svo að skuldin við hann nemi aðeins kr. 108,00. Hefir Kristinn krafizt sýknu gegn greiðslu þessarar upphæðar án málskostnaðar en með vöxtum eins og krafizt hefir verið. Þá hefir hann krafizt málskostnaðar hjá stefnanda. En jafnframt hefir málaflutningsmaður stefnds, Kristins, Lárus Jóhannesson, hrm., í frumvörn sinni krafizt algerðrar sýknu fyrir meðstefndan Gunnar á þeim grundvelli, að hann hafi, á þeim tíma sem hin umstefnda krafa hafi átt að verða og orðið til á, verið genginn úr firmanu Bifreiðastöð Kristins og Gunnars, sem stefndir hafi um nokkurt skeið rekið í félagi, og sé honum skuldin því öll algerlega óviðkomandi. Eftir því, sem fyrir liggur, hefir stefndur, Gunnar, ekki falið nefndum málaflutningsmanni eða nokkrum öðrum vörn málsins fyrir sína hönd. Ber þá að dæma málið að því er Gunnar snertir eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, en þar sem það er ekki upplýst gegn mótmælum stefnanda, að hann hafi verið genginn úr nefndu firma á þeim tíma, sem krafan er talin stofnuð, eða að hann hafi nokkra sérstöðu gagnvart stefnanda, að því er snertir tilvist kröfunnar, verður ekki annað séð en málið eigi að hlíta sömu úrslitum, að því er báða hina stefndu snertir.

Stefndur, Kristinn, byggir mótmæli sín gegn kaupkröfu stefnanda fyrir mánuðina jan.—febr. á þeim grundvelli, að hann hafi verið ráðinn til óákveðins tíma og hafi

ráðningarsamningurinn verið útrunninn 1. maí f. á., en eftir þann tíma hafi stefnandi unnið samningslaust og hafi því verið heimilt að láta hann fara hvenær sem var, enda hafi hann engum athugasemdum hreyft, er honum hafi verið sagt upp. Það er ekki sannað í málinu gegn mótmælum stefnanda, að um ákveðinn vistartíma hafi verið samið, og ekki verður á það fallið hjá stefndum, að stefnandi hafi, með því að gera ekki athugasemdir við uppsögnina, er hún fór fram, fyrirgert rétti sínum til þess að koma síðar fram kröfum sínum á hendur stefndum út af óréttmæti hennar, og verða þessar mótbáru stefnds, Kristins, því ekki teknar til greina.

Þá heldur stefndur, Kristinn, því fram, að það sé föst venja hér í bænum milli bifreiðarstjóra og bifreiðastöðva, að hvor aðila um sig geti sagt upp vinnusambandinu fyrirvaralaust, ef ráðningarsamningur ekki hefir verið gerður til ákveðins tíma og eigi stefnandi því engan rétt á uppsagnarfresti eða kaupi lengur en til burtfarardags. Stefnandi hefir hinsvegar mótmælt því eindregið, að nokkur slík venja sé til hér og stefndur hefir ekki upplýst gegn mótmælum stefnanda að hún sé fyrir hendi. Verður þessi varnarástæða stefnds því ekki tekin til greina, heldur þykir verða að fallast á það hjá stefnanda, að hann eftir starfstíma sínum hjá stefndum og ráðningarkjörum (en það er viðurkennt, að stefnandi hafi verið ráðinn með ákveðnu mánaðarkaupi og ekki er annað upplýst en ráðningartíminn hafi verið óákveðinn) hafi átt rétt á þriggja mánaða uppsagnarfresti og ber stefndum því að greiða honum kaup fyrir tvo fyrrgreinda mánuði (jan. og febr. s. l.).

Að því er snertir kröfu stefnds um frádrátt á andvirði „strekki“ frá hinni viðurkenndu upphæð, þá hefir stefnandi haldið því fram, að hlutur þessi hafi ekki lent hjá honum og þar sem stefndur hefir ekki sannað það gagnstæða, verður ekki séð að lækkunarkrafan hafi við rök að styðjast.

Úrslit málsins verða þá samkvæmt framansögðu þau hér fyrir réttinum, að dómkröfur stefnanda verða teknar til greina að öllu leyti.

